

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi íbúðahverfis í Hvömmum, Stekkjarkvammur 32, Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 1. nóvember 2005 breytingu á deiliskipulagi íbúðahverfis í Hvömmum, Stekkjarkvammur 32, Hafnarfirði. Breytingin felst í staðsetningu allt að 13 fermetra sólstofu við norðurhlíð húss. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 30. nóvember 2005.*

**Bjarki Jóhannesson** sviðsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. desember 2005